

**2. gr.**

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubifreiðastjórafélagsins Neista, sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og samtaka vinnuveitenda á svæðinu, ef fyrir hendi eru.

**3. gr.**

Tvisvar á ári, þ. e. í aprilmánuði og októbermánuði, veitir Vörubifreiðastjórafélagið Neisti viðlöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 20, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

**4. gr.**

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**5. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 3. september 1971.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUR**

um breytingu á reglum nr. 14 28. febrúar 1962, um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953.

**1. gr.**

Á eftir 150. gr., um búnað gúmmibáta, komi 3 nýjar greinar, og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það, þannig:

## 151. gr.

**Varmapokar.**

Gúmmibátar fiskiskipa skulu búnir varmapokum fyrir sama fjölda manna og þeim er ætlað að rúma.

Skulu pokarnir vera af viðurkenndri gerð.

## 152. gr.

**Handrið á stýrishúsum.**

Séu gúmmibjörgunarbatar geymdir á þaki stýrishúss, skal á því vera handrið, ef við verður komið, 80 cm hátt að minnsta kosti. Á bátum, sem eru minni en

30 brl, má handrið þetta vera einn stálvir strengdur milli stoða, sem festar eru á þak hússins með 1.5 m millibili í hæsta lagi. Tillit skal tekið til staðsetningar áttavita við val efnis í stoðirnar.

153. gr.

#### Lífgunartæki.

Í hverju fiskiskipi með þilfari skal vera tæki til lífgunar úr dauðadái af viðurkenndri gerð. Tækinu skal fylgja leiðarvísir um notkun þess á íslenzku.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 6. september 1971.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um Hitaveitu Seltjarnarneshrepps.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fjarhitun í Seltjarnarneshreppi.

#### Stjórn Hitaveitu.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarneshrepps, hér eftir nefnd Hitaveitan, er eign Seltjarnarneshrepps og fer hreppsnefnd með stjórn Hitaveitunnar. Einnig getur hreppsnefnd skipað sérstaka stjórn yfir Hitaveituna.

#### Einkaleyfi Hitaveitu.

3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Seltjarnarneshrepps.

Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn Hitaveitunnar.

#### Utanhússlagnir.

4. gr.

Hitaveitan lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús samanber þó 2. málsgrein 3. gr.